

Sþ. **31. Tillaga til þingsályktunar** [31. mál]
um tryggingarsjóð landbúnaðarins.

Flm.: Björn Jónsson, Ragnar Arnalds, Gils Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, löggjöf um tryggingarsjóð landbúnaðarins, er ætlað sé það hlutverk að bæta bændum tjón, er þeir verða fyrir, þegar uppskerubrest eða annað afurðatjón ber að höndum, svo sem vegna sérstaklega óhagstæðs tilðarfars, kalskemmda í túnum eða náttúruhamfara.

Við undirbúnung þessarar löggjafar skal höfð hliðsjón af kjörum, sem sjávarvegurinn nýtur samkvæmt lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Greinargerð.

Samhljóða þingsályktunartillaga var flutt á síðasta Alþingi af Karli Guðjónsyni og Birni Jónssyni, en varð þá ekki útrædd. Till. fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að undirbún verði löggjöf um stofnun sérstaks tryggingarsjóðs landbúnaðarins, er ætlað verði það hlutverk, að bæta bændum uppskerubrest eða afurðatap, er þeir verða fyrir af náttúrunnar völdum, á hliðstæðan hátt og aflatryggingasjóður sjávarútvegsins bætir aflabrest skipa og báta.

Flestir munu sammála um, að rekin sé með aðstoð ríkisins tryggingastarfsemi, sem jafni afkomumöguleika þeirra, sem sjávarútveg stunda, og fleyti þeim yfir ófyrirséða erfiðleika, er að höndum ber, þegar afli bregzt eða rýrnar mjög á einstökum veiðisvæðum.

Í búrekstri landsmanna steðja alltaf öðru hverju að erfiðleikar, sem telja verður alveg hliðstæða aflabresti útvegsins og eðlilegt er, að tryggðir séu á hliðstæðan hátt.

ENN er það svo, að árferði af náttúrunnar hendi ræður miklu um afkomu bænda og verulegar sveiflur geta orðið i uppskeru og afurðamagni þeirra ekki síður en á sjávarafla. Pannig eru þess dæmi, og þeirra er ekki langt að leita, að bændur hafi þurft vegna lélegs heyfengs að draga saman bústofn sinn eða verja miklum fjármunum til kaupa á kjarnfóðri eða heyjum, hafi þau verið föl í betur settum byggðarlögum. Þá hafa oft, og ekki sít á síðari árum, orðið stórfelldar kalskemmdir í túnum og valdið þungum búsfjum í heilum sveitum. ENN geta og náttúruhamfarir af ýmsum toga kippt stoðunum undan afkomu einstakra bænda og jafnvel verulegs hluta heilla byggðarlaga.

Í landinu er nú enginn tryggingasjóður á vegum hins opinbera, sem mildað gæti afleiðingar af óhagstæðu árferði að því er afkomu bænda varðar. Aðeins í einstökum neyðartilfellum hefur af opinberri hálfu verið gripið inn í til hjálpar, svo sem gert var með nokkrum lánveitingum til bænda á Norður- og Austurlandi vegna slæms árferðis 1949 og 1951 og til bænda á Suðurlandi vegna mikilla óþurrka sumarið 1955. Þeirri aðstoð verður þó á engan hátt jafnað við eðlilega tryggingastarfsemi, enda er reyndin sú, þrátt fyrir þessi dæmi, að bændur hafa miklu oftar orðið að bera tjón sitt án þess, að til móts við þá hafi verið komið á nokkurn hátt.

Það mun sannast mála, að þótt þróunin sé að ýmsu leyti í þá átt, að vaxandi tækni, t. d. að því er varðar heyverkun, tryggi bændunu betur en áður jafnari fóðuröflun, sé hún að ýmsu öðru leyti á þá lund, að bændur poli skakkaföll og framleiðslutap verr en áður, og er mál það, sem i tillögu þessari er fjallað um, því hin brýnasta nauðsyn.“